

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

13.04.21

Mætt á TEAMS: Kristján Þór Magnússon, Arnór Benónýsson, Bylgja Steingrímsdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir, Ásgeir Böðvarsson og Sigurður Böðvarsson.

Fundur settur 14:30.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram

Samþykkt samhljóða.

2. Rekstur DA 2021

Jón Helgi fór yfir rekstur DA það sem af er ári sem er nálægt áætlun. Jón Helgi fór jafnframt yfir samskipti sín og annarra stjórnenda og stjórnarformanns við Sjúkratryggingar og fleiri opinberra aðila vegna óska um fjölgun hjúkrarýma og launaleiðréttinga.

3. Drög að ársreikning 2020 lagður fram til umræðu

Jón Helgi fór yfir drögin. Umtalsverður taprekstur var á árinu 2020 umfram það sem var á fyrra ári. Tekjusamdráttur vegna hjúkrunarrýma ásamt verulegum launahækkunum eru helstu þættirnir í þessari útkomu. Áslaug fór jafnframt yfir rekstur heimilisins og hvaða aðgerða gripið hefur verið til vegna erfiðleikana í rekstrinum. Miklar umræður urðu meðal fundarmanna undir þessum lið.

4. Staða hönnunar nýs hjúkrunarheimilis

Kristján kynnti stöðuna í verkefninu um byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Húsavík. Útboðsvinna er í vinnslu þessa dagana og almennt góður gangur á verkefninu. Stefnt er að því að útboðsgögn vegna jarðvinnu liggi fyrir í maí og að upphaf jarðvinnuframkvæmda hefjist eftir miðjan júní.

5. Dagvistunarúrræði á Húsavík – stefnumótun

Kristján fór yfir þörf á greiningu á framtíðarrekstri Hvamms varðandi dagvistun og hvaða mögulegu sviðsmyndir eru uppi um framtíðarfyrirkomulag öldrunarmála eftir að nýja hjúkrunarheimilið opnar. Miklar umræður voru um málið og fundarmenn sammála að mikilvægt sé að taka þessa umræðu núna áður en nýja hjúkrunarheimilið verður standsett.

6. Málefni Stóru Markar

Ákveðið er að hverfa frá þeirri sýn að auglýsa eftir rekstraraðila eldhúss og umsjón grunnþjónustu í Stóru-Mörk og ekki leggja áherslu á að opna húsið með þeim hætti að almenningur geti keypt mat úr mötuneyti einingarinnar. Þess í stað er ákveðið að auglýsa strax eftir starfsfólki í tvö hlutastörf. Mælist stjórn til þess að störfin verði auglýst með það fyrir augum að auka virkni og viðhalda góðri þjónustu á staðnum. Ef mögulegt er verði störfin samþættuð heimaþjónustu Norðurþings á svæðinu og í framhaldinu unnið markvisst að því að efla samstarf við félag eldri borgara á Kópaskeri með það að markmiði að bjóða uppá markvisst félagsstarf á þeirra vegum í Stóru-Mörk.

7. Afmæli Hvamms sem verður 40 ára 1. maí n.k.

Undirbúningur er hafinn að dagskrá og skipulagningu hátíðardags í tilefni afmælis Hvamms. Stefnt er að

Því að af honum verði í tengslum við þann viðburð þegar skóflustunga að nýju hjúkrunarheimili verður tekin. Áætlað er að af þessu geti orðið upp úr miðjum júní.

Stefnt að næsta fundi þriðjudaginn 11. maí

Fundi slitið klukkan 16:35.